

Fylgiskjal með samþykktum og reglum um Vonarsjóð FG og SÍ

Grein þrjú í samþykktum og reglum um Vonarsjóð FG og SÍ fjallar um styrkhæf verkefni og styrkfjárhæðir. Þar segir í grein 3.2:

Styrkfjárhæðir eru endurskoðaðar af sjóðsstjórn a.m.k. árlega og lagðar fram til staðfestingar hjá samningsaðilum. Upplýsingar um styrkfjárhæðir er að finna í fylgiskjali með samþykktum og reglum um Vonarsjóð FG og SÍ.

Á fundi samstarfsnefnda FG og SÍ, dags. 8. júní 2017, voru eftirfarandi styrkfjárhæðir ákveðnar og staðfestar af samningsaðilum og **taka þær gildi frá og með 1. september 2017:**

a. Starfsmenntunarstyrkur

Styrkur til félagsmanna til að sækja námskeið innanlands eða utan og til ákveðinna verkefna sem teljast til starfsþróunar þeirra s.s. framhaldsnáms á háskólastigi vegna lokinna ECTS eininga og skráningar-/skólagjalda, námskeiða, ráðstefna, málþinga og skipulagðra skólaheimsóknna eða kynnisferða. Með skipulagðri skólaheimsókn eða kynnisferð er átt við að staðfest tímasett dagskrá frá skipuleggjanda/móttökuaðila og staðfesting um þátttöku frá móttökuaðila liggi fyrir og standi yfir í a.m.k. einn dag, að lámarki 6 klukkutíma. Ferða- og gistikostnaður er jafnframt styrktur. Sjóðurinn greiðir fyrir gistinætur sem sannanlega varða ferðina (námskeið, ráðstefnu, málþing, skólaheimsókn/kynnisferð) auk einnar viðbótarnætur ef þannig háttar til s.s. vegna ferðatilhögunar.

Kr. 300.000 á tveggja ára tímabili

b. Styrkur vegna ECTS háskólaeininga

Styrkur vegna lokinna ECTS eininga að hámarki 120 ECTS einingar einu sinni á starfsferlinum.

Hver ECTS eining í framhaldsnámi á háskólastigi gefur 5.000 kr.

Þegar félagsmaður hefur fullnýtt ECTS einingar úr b-hluta getur hann sótt um styrk vegna lokinna ECTS eininga úr a-hluta.